

62. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni, haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 19. febrúar, 2010, kl 12.15

Í upphafi fundar var snæddur hádegisverður í mötuneyti skólans.

Fundinn sátu:

Skólanefnd: Gunnar Þorgeirsson, formaður nefndarinnar, Sigurður Ingi Jóhannsson, Edda Antonsdóttir og Margeir Ingólfsson. Unnur Brá Konráðsdóttir boðaði forföll.

Halldór Páll Halldórsson, skólameistari, Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari, Sigurjón Mýrdal, fulltrúi kennara og Sigurður Skúli Benediktsson, nýr fulltrúi nemenda.

Fundarefni:

1. Bréf frá forstöðumönnum annarra menntastofnana á Laugarvatni.
2. Tillögur Mmrn. að framkvæmdaáætlun næstu þriggja ára.
3. Fjárhagsáætlun ársins 2010
4. Vinna stýrihóps:
  - a. Tillaga að markmiðum ML
  - b. Drög að uppbyggingu brauta
5. Önnur mál.

Form. bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega nýjan fltr. nemenda.

#### **1. Bréf frá forstöðumönnum annarra menntastofnana á Laugarvatni.**

Form kynnti bréf frá forstöðumönnum annarra skólastofnana á Laugarvatni, dags. 24. nóvember, 2009 (*fskj. 1*). Hann lagði ennfremur fram drög að svarbréfi, sem var samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingum (*fskj. 2*).

#### **2. Tillögur til Mmrn. að framkvæmdaáætlun næstu þriggja ára.**

Skólameistari lagði fram tillögur sínar að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2010-2013 frá 20. nóv. 2009 (*fskj. 3*), og fylgdi þeim úr hlaði.

Til kynningar.

#### **3. Fjárhagsáætlun ársins 2010**

Skólam. lagði fram samantektarblað úr fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 (*fskj. 4*)

Hann fór síðan yfir helstu þætti áætlunarinnar, skýrði og svaraði spurningum. Áætlunin hefur verið samþykkt í Mmrn.

Til kynningar, en þeir sem til máls tóku lýstu ánægju með rekstur stofnunarinnar, sem lesa má út úr áætluninni og niðurstöðu síðasta árs.

#### **4. Vinna stýrihóps:**

Skólameistari hafði framsögu um málið og kynnti vinnuna og afurðirnar. (*glærur fskj. 5*)

a. Kynnti tillögur hópsins að helstu markmiðum ML

b. Kynnti tillögur hópsins að drögum að uppbyggingu brauta.

Ýmsir þættir voru ræddir undir kynningunni.

Form. kvað verða boðað til fundar aftur til að fjalla nánar um stefnumótunina.

#### **5. Önnur mál.**

- a. Skm. greindi frá því, að umsókn um Grænfána hefur verið lögð inn, og er von til að hann muni blakta við skólann í vor.

- b. Skm greindi frá framkv. við KÖS sem eru að hefjast um þessar mundir.
- c. Skm. greindi frá því að verið er að leita tilboða í eftirlitsmyndavélavélakerfi. Málið er á frumstigi og framundan er að setjast yfir það með hagsmunaaðilum.  
Nokkrar umræður urðu undir þessum lið um réttmæti þess að setja upp kerfi af þessu tagi.
- d. Skm. greindi frá fyrirhuguðum kaupum á þurrkara í þvottahús, en það verður gert í samvinnu við sumarhóтелиð.
- e. Skm. kynnti nýjar reglur um innritun nemenda fyrir skólaárið 2010-2011, en nú verður forinnritun í framhaldsskóla landsins í apríl.

Fundi slitið kl. 14.33

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason